

# Verðlaun fyrir ágrip og veggspjald

Á 26. PINGI NORRÆNNAN svæfinga- og gjörgæslulækna, sem haldið var í Tromsö dagana 13.-17. júní síðastliðinn, hlaut **Aðalbjörn Porsteinsson** fyrstu verðlaunum fyrir ágrip og veggspjald sem hann kynnti á þinginu. Veggspjaldið ber heitið *Airway closure in anesthetized infants and children. Influence of inspiratory volumes and pressures.* Verðlaunin voru 5000 krónur, norskarar. Meðhöfundar Aðalsteins eru A. Larsson, C. Jonmarker og O. Werner frá sjúkrahúsini í Gentofte og Háskólasjúkrahúsini í Lundi.

## Ritfregn


### Í nærveru Nokkrir sálgæslubættir eftir Sigfinn Þorleifsson

SKÁLHOLTSÚTGÁFAN HEFUR GEFID ÚT BÓKINA **Í nærveru – nokkrir sálgæslubættir** eftir **Sigfinn Þorleifsson** sjúkrahúsprest á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Í fréttatilkynningu frá forlaginu segir svo um efni bókarinnar:

„Í nærveru er lýsing á því hvernig maður nálgast annan mann, einkum í sálarneyð, og reynir að leggja lið, styrka og leiða. Hvernig þeir ganga saman svo lengi sem annar þarfust stuðnings til þess að finna eigin styrk og trú á lífið á ný. Þess konar umönnun nefnist sálgæsla og hver og einn sem hefur látið sér annt um annan einstakling hefur tekið þátt í slíkri aðhlynningu.“

Bókin er góð hjálp öllum þeim sem hlúa vilja að andlegri velferð annarra. Hún vekur upp meðvitundina um það hvað felst í því að hlusta á aðra og skilja hvað þeim liggar á hjarta. Hún bæði leiðbeinir og hvetur til skilnings og hluttekningar, til að skynja dýpstu tilfinningar fólks og andlegt ástand þess.“

Einnig segir þar að höfundurinn, Sigfinnur



Þorleifsson, þekki vel þörf manna fyrir sálgæslu því hann hafi starfað sem sjúkrahúsprestur. Hins vegar hafi bókin orðið til eftir sjúkrahúslegu höfundar en hann varð fyrir því ólání að detta ofan af þaki þegar hann freistaði þess að laga sjónvarpslofnetið.

Bókin **Í nærveru – nokkrir sálgæslubættir** er 144 bls. að stærð prýdd kápumynd eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur. Hún fæst í Kirkjuhúsinu Laugavegi 31 og í bókaverslunum um land allt.

-PH